



Efnahags- og viðskiptanefnd,  
Alþingi,  
Reykjavík

Dagsetning

30. mars 1993

Tilvísun

10.202

*Alþingi**Erindi nr. P 116 / 1141**komudagur 30 / 3 19 93*

Að beiðni háttvirtrar efnahags- og viðskiptanefndar hefur ráðuneytið farið yfir framkomnar athugasemdir hagsmunaaðila við frumvarp til laga um viðskiptabanka og sparisjóði (208. mál). Þess skal getið að ráðuneytið hafði við samningu bréfs þessa samráð við bankaeftirlit Seðlabankans.

Ráðuneytinu hafa borist athugasemdir eftirtalinna hagsmunaaðila:

Alþýðusambands Íslands, dags. 18. desember 1992.

Félags fasteignasala, dags. 18. desember 1992.

Félags löggiltra endurskoðenda, dags. 22. desember 1992.

Fjármálaráðuneytisins, dags. 18. nóvember 1992.

Húsnæðisstofnun ríkisins, húsnæðismálastjórn, dags. 15. febrúar 1993.

Lögmannafélags Íslands, dags. 15. janúar 1993.

Sambands íslenskra sparisjóða, dags. 15. mars 1993.

Sambands íslenskra viðskiptabanka, dags. 2. mars 1993.

Seðlabanka Íslands, dags. 30. nóvember 1992.

Verslunarráðs Íslands, dags. 25. febrúar 1993.

Ráðuneytið hefur kosið að fjalla um athugasemdirnar eftir greinum frumvarpsins. Aftast í bréfinu er nokkrar ábendingar um breytingar á frumvarpinu sem ekki tengjast athugasemdum hagsmunaaðila.

## 6. gr., 2. mgr.

*Samband íslenskra viðskiptabanka:* Leggur til að 2. mgr. 6. gr., þar sem heimilt er að víkja frá almennum reglunni um 400 m.kr. stofnfé þegar um er að ræða sparisjóð, falli brott.

*Ráðuneytið fellst ekki á þessa tillögu. Skv. tilskipun Evrópubandalagsins er alveg ótvírætt að stjórnvöld geta heimilað að stofnfé ákveðinna flokka lánastofnana sé lægra en 5 m.ECU (400 m.kr.), þó aldrei lægra en 1 m.ECU (80 m.kr.). Í Danmörku var sú leið farin að miða lágmarksstofnfé banka og sparisjóða ("sparekasse") við 5 m.ECU en lágmarksstofnfé samvinnusparisjóða ("andelskasse") við 1 m.ECU. Ráðuneytið telur eðlilegt að í frumvarpinu sé heimild til að víkja frá almennum reglunni um 400 m.kr. stofnfé enda getur ráðherra ekki beitt henni nema að fengnum tillögum bankaeftirlitsins og Tryggingarsjóðs sparisjóða. Það er með öllu óraunhæft að gera sömu kröfu um stofnfé til alhliða banka og gerðar eru til sparisjóðs sem fyrst og fremst er stofnaður til að veita takmarkaða þjónustu í smáu byggðarlagi.*

**8. gr., 3. mgr.**

*Verzlunarráð Íslands:* Leggur til að ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum ríkisviðskiptabanka nái einungis til eðlilegra bankaviðskipta.

*Ráðuneytið* fellst ekki á þessa tillögu þar sem vandséð er að skuldbindingar sem bankarnir taka á sig verði nokkru sinni taldar tengjast öðru en eðilegum bankaviðskiptum. Ríkisviðskiptabankarnir eru bankar og stunda alla þá starfsemi sem banka er heimil lögum samkvæmt. Hins vegar getur ráðuneytið fallist á að rök séu fyrir því að takmarka beri möguleika ríkisviðskiptabankanna til að auka eigið fé sitt með töku víkjandi láns án þess að aðrir aðilar hafi nokkuð um það að segja.

Því leggur ráðuneytið til að við 3. mgr. 8. gr. bætist nýr málslíður:

"Ríkisviðskiptabanka er óheimilt að taka víkjandi lán í því skyni að efla eiginfjárstöðu sína nema með samþykki ráðherra."

**10. gr., 1. mgr.**

*Samband Íslenskra sparisjóða og Samband Íslenskra viðskiptabanka:* Leggja til að í 1. mgr. 10. gr. verði taldar upp allar greinar frumvarpsins þar sem fram koma atriði sem hamlað geta viðskipti með hlutabréf, þ.e. 11-13. gr. og 101. gr.

*Ráðuneytið* telur að hér sé um misskilning að ræða því í greininni eigi einungis að vera fjallað um hömlur sem settar verða í samþykktir hlutaðeigandi stofnana en ekki hömlur sem geta komið til vegna ákvarðana stjórnvalda, eins og í 10. og 12. gr. (11. gr. fjallar einungis um tilkynningarskyldu).

**10. gr., 4. mgr.**

*Samband Íslenskra viðskiptabanka:* Leggur til að það verði ekki bankaeftirlitið heldur Seðlabankinn sem geti synjað hluthafa um að eignast hlut eða fara með hann og að samþykki ráðherra þurfi slíkri ákvörðun.

*Ráðuneytið* fellst á það sjónarmið sem fram kemur í rökstuðningi fyrir þessari tillögu að hér sé um svo viðurhlutamikla ákvörðun að ræða að eðlilegt sé að samþykki ráðherra þurfi til. *Ráðuneytið* telur hins vegar ekki rétt að breyta "bankaeftirlitinu" í "Seðlabanka Íslands" enda var tekin um það ákvörðun við samningu frumvarpsins að nota hugtakið bankaeftirlit Seðlabanka Íslands (bankaeftirlitið) fremur en hugtakið Seðlabanki Íslands. Af gildandi lögum um Seðlabanka Íslands og fyrirliggjani frumvarpi um ný heildarlög um bankann er ljóst að bankaeftirlitið er deild innan Seðlabankans og starfar undir yfirstjórn æðstu stjórnar hans.

Lagt er til að 4. mgr. 10. gr. orðist svo:

"Ráðherra getur að fenginni tillögu bankaeftirlitsins synjað hluthafa um að eignast hlut eða um rétt til meðferðar atkvæða skv. 3. mgr. telji hann viðkomandi ekki hæfan til þess með tilliti til heilbrigðs reksturs hlutaðeigandi stofnunar eða eðlilegra viðskiptahátta. Rökstudd synjun ráðherra skal hafa borist hlutaðeigandi innan þriggja mánaða frá þeim degi er tilkynning skv. 3. mgr. berst bankaeftirlitinu."

Til að gæta samræmis leggur ráðuneytið til að 5. mgr. 10. gr. orðist svo:

"Sé um að ræða aukningu á eignarhlut samkvæmt 3. mgr. er ráðherra heimilt að kveða á um hvenær henni skuli í síðasta lagi hrint í framkvæmd, enda hafi henni ekki verið hafnað"

## 12. gr.

*Samband íslenskra viðskiptabanka:* Leggur til hliðstæða breytingu og á 4. mgr. 10. gr.

*Verslunarráð Íslands:* Almenn athugasemd um það að væntanlega verði látið reyna á eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar komi til sviptingar atkvæðisréttar.

*Ráðuneytið* leggur til, með vísan til umfjöllunar um 4. mgr. 10. gr. hér að framan, að 12. gr. orðist svo:

"Fari aðili, sem á svo mikinn hlut í hlutafélagsbanka sem segir í 3. mgr. 10. gr., þannig með hlut sinn að skaði heilbrigðan rekstur bankans eða samrýmist ekki eðlilegum viðskiptaháttum getur ráðherra að fenginni tillögu bankaeftirlitsins ákveðið að þessum hlutum fylgi ekki atkvæðisréttur eða lagt fyrir hlutaðeigandi banka að grípa til viðeigandi ráðstafana.

Ráðherra getur að fenginni tillögu bankaeftirlitsins ákveðið að eignarhlutum, sem ekki hafa verið tilkynntir fyrir fram skv. 3. mgr. 10. gr., fylgi ekki atkvæðisréttur. Synji ráðherra ekki viðkomandi um að eignast hlut eða auka við hann skv. 4. og 5. mgr. 10. gr. fá þessir hlutir atkvæðisrétt að nýju.

Hafi ráðherra ákveðið skv. 1. eða 2. mgr. að hlutum fylgi ekki atkvæðisréttur skulu þeir hlutir ekki teknir með við útreikning á því hve miklum hluta atkvæða mælt hafi verið fyrir á hluthafafundum."

## 15. gr., 4. m.gr.

*Samband íslenskra viðskiptabanka:* Leggur til að 4. mgr. 15. gr. falli brott, enda felst í henni mismunun milli ríkisborgara á EES-svæðinu, Íslendingum í óhag.

*Ráðuneytið* mælist eindregið til þess að því gefist tækifæri til að ræða við nefndina og fulltrúa sparisjóðanna um tiltekin atriði frumvarpsins sem snerta starfsemi sparisjóða, þ. á m. þetta ákvæði.

## 18. gr., 20. og 21. gr.

*Fjármálaráðuneytið:* Leggur til að 2. mgr. 18. gr. falli brott enda gilda um þetta atriði almenn ákvæði laga um tekju- og eignarskatt.

*Samband íslenskra viðskiptabanka:* Leggur til að 18., 20. og 21. gr. falli brott þar sem óviðunandi sé að aðrar reglur gildi um viðskipti með stofnfjárbréf í sparisjóði og um viðskipti með hlutabréf í hlutafélagsbanka.

*Verslunarráð Íslands:* Leggur til að 2. mgr. 18. gr. falli annað hvort brott eða verði breytt þannig að um skattalega meðferð stofnfjárbréfa verði vísað í lögum um tekju- og eignarskatt.

*Ráðuneytið* mælist eindregið til þess að því gefist tækifæri til að ræða við

nefndina og fulltrúa sparisjóðanna um tiltekin atriði frumvarpsins sem snerta starfsemi sparisjóða, þ. á m. 18., 20. og 21. gr. Hins vegar er tekið undir það sjónarmið að 2. mgr. 18. gr. skuli felld brott.

### 23. gr., 3. mgr.

*Fjármálaráðuneytið og Samband Íslenskra viðskiptabanka:* Leggja til að 3. mgr. 23. gr. falli brott enda gilda um þetta atriði almenn ákvæði laga um tekju- og eignarskatt.

*Ráðuneytið* er samþykkt því að 3. mgr. 23. gr. falli brott.

### 27.-42. gr.

*Samband Íslenskra viðskiptabanka:* Hefur hugsað mikið um IV. kafla frumvarpsins en leggur einungis til þá breytingu á 39. gr. um verkefni bankaráðs (og þar af leiðandi verkaskiptingu milli bankaráðs og bankastjórnar) að hún nái einungis til ríkisviðskiptabanka og sparisjóða. Um hlutafélagsbanka gildi ákvæði hlutafélagalaga.

*Ráðuneytið* fellst út af fyrir sig á það sjónarmið að æskilegra væri að hafa kaflann einfaldari. Það er hins vegar afar erfitt á meðan hér á landi eru starfandi ríkisviðskiptabankar sem um þurfa að gilda sérákvæði. *Ráðuneytið* bendir á að samsvarandi kafli í dönsku lögnum um viðskiptabanka og sparisjóði skiptist einnig í nokkra undirkafla með sérákvæðum um banka, um sparisjóði og um samvinnusparisjóði auk sameiginlegra ákvæða.

*Ráðuneytið* telur ekki heppilegt að um bankaráð (félagsstjórn) og bankastjórn (framkvæmdastjórn) hlutafélagsbanka gildi einungis almennar reglur hlutafélagalaga. Í því sambandi má benda á að engar hliðstæðar almennar reglur gilda um ríkisviðskiptabanka og sparisjóði. *Ráðuneytið* mælir með því í ljósi skoðanamunar á síðustu árum um verkaskiptingu milli bankaráðs og bankastjórna að í lögum sé bankaráði falið ákvörðunarvald í tilteknum málum.

### 36. gr., 1. mgr.

*Samband Íslenskra sparisjóða:* Leggur til að í 1. mgr. komi ákvæði þess efnis að ráðherra geti heimilað frávik frá aðalreglunni um fimm stjórnarmenn í sparisjóð þannig að þeir verði þrír, þar af einn tilnefndur af hlutaðeigandi sveitarstjórn eða héraðsnefnd.

*Ráðuneytið* mælist eindregið til þess að því gefist tækifæri til að ræða við nefndina og fulltrúa sparisjóðanna um tiltekin atriði frumvarpsins sem snerta starfsemi sparisjóða, þ. á m. 36. gr.

### 39. gr., 1. mgr.

*Samband Íslenskra sparisjóða:* Leggur til að í 3. tl. komi "samþykkja" í stað "staðfesta" og að nýr tl. bætist við: "Að taka ákvörðun um afskriftir útlána."

*Ráðuneytið* mælir gegn fyrri tillögu Sambands Íslenskra sparisjóða. Að mati ráðuneytisins breytist ákvæði 3. tl. ekki með því að skipta þar um orð. Merking ákvæðisins er skýr en leiki vafi á túlkun vísast til athugasemdanna með þessum tölul.

Varðandi síðara sjónarmiðið leggur *Ráðuneytið* til að nokkur breyting verði

gerð á 5. tl. þessarar mgr. Við nánari skoðun hefur komið í ljós að óþarft er að kveða á um reglur um hámark lána og ábyrgða til einstakra viðskiptamanna þar sem bankaeftirlitið mun setja "rammareglur" um það efni (sjá 1. mgr. 46. gr.). Hins vegar leggur ráðuneytið til að kveðið verði á um útlánastefnu svo og stefnu í vaxta- og gjaldskrármálum. Því er lagt til að 5. tl. 1. mgr. orðist svo:

"5. að móta stefnu í vaxta- og gjaldskrármálum og setja almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir stofnunarinnar, hvort tveggja að fenginni umsögn bankastjóra eða sparisjóðsstjóra,"

#### 43. gr.

*Samband íslenskra viðskiptabanka:* Leggur til að úr þagnarskylduákvæði laganna falli opin undanþága vegna ákvæða annarra laga og að ef önnur lög kveða á um undanþága frá þagnarskylduákvæðinu þá verði þess getið í þessari grein.

*Ráðuneytið* telur þessa hugmynd ekki til bóta þar sem fyrirkomulag af þessu tagi kemur alls ekki í veg fyrir að löggjafinn veiti síðar í öðrum lögum undanþágu frá þagnarskylduákvæðinu án þess að þagnarskylduákvæðinu sjálfu sé breytt. Slíkt skapar einungis réttaróvissu. Því leggst ráðuneytið gegn þessari hugmynd.

#### 44. gr., 13. tl. 1. mgr.

*Verzlunarráð Íslands:* Spurning vaknar um þagnarskyldu varðandi upplýsingagjöf.

*Ráðuneytið* bendir á að hér er um að ræða starfsemi sem á enskri tungu er nefnd "credit rating". Yfirleitt byggist slík starfsemi á söfnun, úrvinnslu og miðlun á upplýsingum sem látnar eru af hendi af fúsum og frjálsum vilja af hendi umsækjanda í því skyni eða sem almennt eru aðgengilegar. Þá þykir ráðuneytinu rétt að leiðrétta þann misskilning sem lesa má út úr athugasemd Verzlunarráðs að bönkum og sparisjóðum sé ætlað að veita þjónustu af þessu tagi. Svo er alls ekki, heldur er þeim það heimilt.

#### 45. gr., 2. mgr.

*Verzlunarráð Íslands:* Leggur til að hugtakið "tímabundið" verði skilgreint og að skýrsla skuli send bankaeftirlitinu a.m.k. einu sinni á ári.

*Ráðuneytið* telur ekki þörf á nánari útfærslu á þessum atriðum í greininni og bendir á hliðstætt ákvæði í dönsku lögunum um viðskiptabanka og sparisjóði. Hins vegar leggur ráðuneytið til að orðalagi ákvæðisins verði breytt og orðist þannig:

"Viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimilt að stunda tímabundið aðra starfsemi en þá sem um getur í 44. gr., enda sé það einungis í þeim tilgangi að ljúka viðskiptum fyrirtækja við viðskiptabanka eða sparisjóð eða sé liður í endurskipulagningu á starfsemi viðskiptaaðila þessara stofnana. Skýrsla hér að lútandi skal send bankaeftirlitinu.

#### 46. gr., 1. mgr.

*Samband íslenskra viðskiptabanka:* Leggur til að 2. másl. 1. mgr. um að bankaeftirlitið setji reglur um hámark lána og ábyrgða til einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega

tengdra aðila þar til tímabært verður að lögfesta EES-reglur af því tagi.

*Verzlunarráð Íslands:* Leggur til að ráðherra en ekki bankaeftirlitið setji reglur um reglur um hámark lána og ábyrgða til einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila.

*Ráðuneytið* fellst ekki á það sjónarmið að meginatriði reglna um hámark lána og ábyrgða skuli lögfest. Í reglunum verða ýmis hlutföll sem geta tekið breytingum í tímans rás og því heppilegt að ekki þurfi að koma til lagabreytingar hverju sinni. Þá tekur ráðuneytið ekki undir það sjónarmið að annar aðili en bankaeftirlitið skuli setja þessar reglur. Hins vegar óskar ráðuneytið eftir því að orðið "bókfærðu" í 1. málsl. verði fellt brott þar sem því er ofaukið. Jafnframt er óskað eftir því að í stað orðanna "samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands er varða" í 2. málsl. komi "um".

Þá telur ráðuneytið rétt að benda á að í athugasemdum við þessa grein er kveðið á um að höfð verði hliðsjón af reglum Evrópubandalagsins á þessu sviði þegar að því kemur að setja reglurnar.

#### 46. gr., 2. mgr.

*Verzlunarráð Íslands:* Leggur til að orðalagi í upphafi 2. mgr. verði breytt til að það verði skýrara: "Samtala virkra eignarhluta, sbr. skilgreiningu skv. 3. mgr. 10. gr. ..."

*Ráðuneytið* tekur undir tillögu Verzlunarráðs.

#### 47. gr.

*Samband Íslenskra viðskiptabanka:* Leggur til að bætt verði við 1. mgr. ákvæði um að reglur um fyrirgreiðslu við bankastjóra og sparisjóðsstjóra geti einnig náð til annarra starfsmanna.

*Ráðuneytið* bendir á að í 2. mgr. er einmitt kveðið á um þetta.

#### 48. gr.

*Alþýðusamband Íslands:* Fagnar ákvæði um nafnskráningu.

*Samband Íslenskra viðskiptabanka og Verzlunarráð Íslands:* Hugleiðingar um nafnskráningu.

*Ráðuneytið* telur að athugasemdir gefi ekki tilefni til viðbragða.

#### 52. gr.

*Samband Íslenskra viðskiptabanka:* Leggur til að orðalag greinarinnar verði skýrara þannig að framkvæmd hennar verði auðveldari.

*Verzlunarráð Íslands:* Leggur til að ný mgr. bætist við greinina: "Bankaráð eða sparisjóðsstjórn skal setja starfsreglur um meðferð mála skv. 1. mgr. er hljóti staðfestingu bankaeftirlitsins".

*Ráðuneytið* bendir á að þetta ákvæði lýtur að upplýsingagjöf til bankaráða og sparisjóðsstjórna en ekki til opinberra aðila. Það er því á valdi þessara aðila að móta framkvæmdina. Bent skal á að orðalag er svipað og í hliðstæðu ákvæði í dönsku lögunum um banka og sparisjóði.

### 53. gr.

*Samband íslenskra viðskiptabanka:* Leggur til að ákvæði um að Lánastofnun sparisjóðanna geti lagt fyrir hlutaðeigandi sparisjóð leiðbeinandi tillögur um vexti og þjónustugjöld falli niður.

*Verzlunarráð Íslands:* Vekur athygli á samkeppnisráð kunni að hafa eftirlitshlutverki að gegna á þessu sviði.

*Ráðuneytið* leggur til að þessi grein falli brott með hliðsjón af samþykkt laga nr. 8/1993, samkeppnislaga. Í þessu sambandi er bent á að hliðstætt ákvæði var fellt brott úr frumvarpinu um verðbréfavíðskipti þegar það var til umfjöllunar á Alþingi fyrir á þessu ári. Þá telur ráðuneytið eftir vandlega athugun að ekki sé heppilegt að lögfesta ákvæði um leiðbeinandi tillögur frá Lánastofnun sparisjóðanna til einstakra sparisjóði um vexti og þjónustugjöld heldur verði hlutaðeigandi aðilar, hafi þeir á annað borð áhuga á fyrirkomulagi af því tagi, að sækja um undanþágu til samkeppnisráðs á grundvelli 16. gr. samkeppnislaga.

### 54. gr.

*Samband íslenskra sparisjóða og Samband íslenskra viðskiptabanka:* Leggur til að skilgreiningu á lausu fé verði breytt þannig að 90 daga hámarksbinditími falli brott en í staðinn verði kveðið á um markaðsverðbréf.

*Ráðuneytið* telur að ýmsu leyti heppilegt að í lögum sé kveðið á um að verðbréf sem talist geta til lauss fjár séu skammtímaverðbréf. Lendi innlánsstofnun í lausafjárerfiðleikum og þurfi þess vegna að selja verðbréf í verulegum mæli má leiða að því líkum að yfirleitt verði það auðveldara og afföll minni þegar um er að ræða skammtímaverðbréf en ekki langtímaverðbréf. Þetta á sérstaklega við þegar um er að ræða tiltölulega smáan markað eins og íslenska verðbréfamarkaðinn. Hins vegar er fallist á það sjónarmið að heppilegt kunni að vera að miða ekki við bréf til ákveðins tíma. Því er lagt til að orðin "með skemmri binditíma en 90 daga" falli brott úr lokamálsl. ákvæðisins.

### 55. gr.

*Verzlunarráð Íslands:* Minnir á athugasemd sína við 3. mgr. 8. gr. um að óeðlilegt sé að ríkisviðskiptabanki geti tekið víkjandi lán frá þriðja aðila án formlegrar ríkisábyrgðar.

*Ráðuneytið* vísar til þeirrar breytingar sem það mælir með að gerð verði á 3. mgr. 8. gr.

### 58. gr.

*Félag löggiltra endurskoðenda:* Ítrekar þá skoðun sína að vald til að setja reglur á grundvelli laga skuli vera hjá ráðherra. Bendir jafnframt á að með stofnun

reikningsskilaráðs hafi löggjafinn ákveðið með hvaða hætti staðið skuli að mótun góðrar reikningsskilavenju og leggur til breytingar á 58. gr. í heild sinn svohljóðandi:

"Ársreikningur skal gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu viðskiptabanka eða sparisjóðs. Hann skal gerður í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju og innihalda m.a. rekstrarreiking, efnahagsreikning skýringar og upplýsingar um liði utan efnahagsreiknings.

Árshlutareikningar viðskiptabanka og sparisjóða skulu gerðir í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju."

*Ráðuneytið* tekur að hluta til undir ábendingar Félags löggiltra endurskoðenda. Hins vegar er ekki fallist á fjallað verði um árshlutareikninga í þessari grein (sjá 66. gr.) og að heimild bankaeftirlitsins til að setja reglur um gerð ársreiknings falli brott. Í því sambandi er bæði bent á ákvæði í ákvæði í nýsamþykktu laga um verðbréfamarkaðinn og lagaákvæði erlendis af þessu tagi. Bankaeftirlitið hefur haft náið samráð við hagsmunaaðila þegar mótaðar hafa verið reglur af þessu tagi og ekki er að efa að í framtíðinni verður leitað til reikningsskilaráðs.

Að teknu tilliti til ábendinga Félags löggiltra endurskoðenda er lagt til að í stað 1. og 2. mgr. frumvarpsins komi eftirfarandi málsg. og að 3. mgr. frumvarpsins verði 2. mgr.:

"Ársreikningur skal gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu viðskiptabanka eða sparisjóðs. Hann skal gerður í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju og innihalda m.a. rekstrarreiking, efnahagsreikning skýringar og upplýsingar um liði utan efnahagsreiknings."

#### 61. gr., 1. mgr.

*Félag löggiltra endurskoðenda:* Leggur til að hugtakið skoðunarmaður verði alls staðar fellt út úr texta frumvarpsins og í stað þess komi starfsheitið endurskoðandi. Leggur jafnframt til að 1. mgr. 61. gr. orðist svo: "Ársreikningar viðskiptabanka og sparisjóða skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Ársreikningur ríkisviðskiptabanka skal þó endurskoðaður af ríkisendurskoðanda og löggiltum endurskoðanda, sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn."

*Samband íslenskra viðskiptabanka:* Bendir á ákvæði hlutafélagalaga um að nægjanlegt sé að kjósa einn endurskoðanda og leggur til að sama gildi um hlutafélagsbanka.

*Ráðuneytið* fellst á tillögu Félags löggiltra endurskoðenda og telur að með henni sé einnig komið á mótis við sjónarmið Sambands íslenskra viðskiptabanka. Jafnramt er með þessu móti gætt samræmis við ákvæði nýrra laga um verðbréfavíðskipti annars vegar og verðbréfasjóði hins vegar. Verði fallist á þessa breytingu þarf að fella hugtakið skoðunarmaður út úr lagatextanum alls staðar sem það kemur fyrir og setja í stað þess starfsheitið endurskoðandi (alls staðar í eintölu). Er ráðuneytið að sjálfsögðu reiðubúið að veita nefndinni aðstoð við að finna öll ákvæði frumvarpsins þar sem þörf er slíkrar breytingar.

#### 61. mgr., 3. mgr.

*Félag löggiltra endurskoðenda:* Leggur til að heimild bankaeftirlits til að undanþiggja sparisjóði frá kosningu löggilts endurskoðanda falli niður.



*Ráðuneytið* tekur undir þetta sjónarmið, enda hefur það ekkert gildi verði horfið frá tveimur skoðunarmönnum til eins endurskoðanda, sbr. 1. mgr. 61. gr.

**61. gr., 4. mgr.**

*Félag löggiltra endurskoðenda:* Bendir á nauðsyn samræmis við hlutafélagalög og leggur til eftirfarandi orðalag: "Kjósa skal endurskoðanda móðurfélags viðskiptabanka eða sparisjóðs sem endurskoðanda í dótturfélagi sé þess nokkur kostur."

*Ráðuneytið* fellst á þessa tillögu en leggur til að orðalag verði með öðrum hætti til að koma í veg fyrir hugsanlegan misskilning:

"Kjósa skal endurskoðanda viðskiptabanka eða sparisjóðs sem endurskoðanda í móður-, systur- og dótturfélagi ef þess er nokkur kostur."

**62. gr., 1. mgr.**

*Félag löggiltra endurskoðenda:* Leggur til að við málsgreinina bætist "og tengdum verkefnum"

*Ráðuneytið* telur viðbótina óþarfa þar sem orðalag frumvarpsins er tekið úr gildandi lagaákvæði og eftir því sem best er vitað hafa engin vandkvæði hlotist af því.

**62. gr., 2. mgr.**

*Félag löggiltra endurskoðenda:* Bendir á ákvæði hlutafélagalaga og laga um endurskoðendur varðandi óhæði endurskoðenda.

*Ráðuneytið* telur heppilegt að þessi mgr. standi óbreytt vegna þess að misræmi er í hlutafélaglögum og lögum um endurskoðendur hvað varðar möguleika endurskoðenda til að vera skuldugir þeim aðilum sem þeir endurskoða. Í hlutafélagalögum er það bannað en í lögum um endurskoðendum aðeins talað um að endurskoðendur megi ekki vera þeim fjárhagslega háðir. Ljóst er að lögin um endurskoðendur eiga við um alla endurskoðendur banka og sparisjóða en ákvæðin í hlutafélagalögum einungis við endurskoðendur hlutafélagsbanka. Því er lagt til að ákvæði 2. mgr. standi áfram.

**62. gr., 3. mgr.**

*Félag löggiltra endurskoðenda:* Leggur til að þessi mgr. um að ráðherra ákveðið þóknun skoðunarmanna ríkisviðskiptabanka falli niður.

*Ráðuneytið* tekur undir þessa tillögu.

**63. gr., 1. mgr.**

*Félag löggiltra endurskoðenda:* Leggur til orðalagsbreytingar þannig að "og reglur bankaeftirlitsins þar að lútandi" í 1. másl. falli niður og að 3. másl. ljúki svohljóðandi: "...lög, reglur, samþykktir og góða endurskoðunarvenju".

*Ráðuneytið* tekur undir þessar tillögur og hljóðar þá málsgr. þannig:

"Endurskoðandi skal endurskoða ársreikning viðskiptabanka eða sparisjóðs í samræmi við lög, reglur, samþykktir og góða endurskoðunarvenju."

**63. gr., 2. mgr.**

*Félag löggiltra endurskoðenda:* Bendir á endurtekningar í 1. og 3. másl. málsgreinarinnar og leggur til eftirfarandi orðalag: "Endurskoðandi skal árita ársreikning, greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar og láta í ljós álit. Í árituninni skal m.a. felast yfirlýsing um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og gerður í samræmi við ákvæði laga, reglna, samþykta og góða reikningsskilavenju".

*Ráðuneytið* er meðmælt þessari tillögu.

**63. gr., 5. mgr.**

*Félag löggiltra endurskoðenda:* Mælir eindregið gegn ákvæðum málsgreinarinnar, sem fjallar um upplýsingaskyldu endurskoðenda gagnvart bankaeftirliti og Tryggingarsjóði sparisjóða, og vísar til fyrri umsagnar félagsins um frumvörp á sviði verðbréfavíðskipta. Jafnframt leggur félagið til hliðstæðar breytingar á málsgreininni og voru gerðar á samsvarandi ákvæði í verðbréfafrumvörpunum.

*Verzlunarráð Íslands:* Telur að skoða þurfi ákvæðið betur í ljósi trúnaðarskyldu endurskoðenda gagnvart stjórn og eigendum banka og sparisjóða.

*Ráðuneytið* tekur undir ábendingu Félags löggiltra endurskoðenda og leggur til að málsgreinin verði umorðuð með hliðsjón af 3. mgr. 29. gr. laga nr. 9/1993, um verðbréfavíðskipti og 3. mgr. 31. gr. laga nr. 10/1993, um verðbréfasjóði:

"Leiði endurskoðun í ljós verulega ágalla á rekstri viðskiptabanka eða sparisjóðs eða atriði er varða innra eftirlit þeirra, greiðslutryggingar útlána eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu hlutaðeigandi stofnunar skal endurskoðandi gera stjórn hennar viðvart, svo og bankaeftirlitinu og stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða þegar um sparisjóð er að ræða, hafi hann ástæðu til að ætla að stjórnendur stofnunarinnar hafi ekki rækt upplýsingaskyldu sína í þessu sambandi."

Rétt er að það komi fram að ráðuneytið er eindregið þeirrar skoðunar að ákvæðið hljóti að verða túlkað þannig að á stjórnendum hvíli upplýsingaskylda gagnvart stjórnvöldum um þau atriði sem þar eru talin upp.

**63. gr., 7. mgr.**

*Félag löggiltra endurskoðenda:* Mælir gegn því að bankaeftirlitinu verði falið að setja reglur um endurskoðun hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, þ.m.t. um stofnun innri endurskoðunardeilda. Mælir með að 41. gr. núgildandi viðskiptabankalaga verði notuð sem fyrirmynd: "Við viðskiptabanka og sparisjóði skal starfa endurskoðunardeild sem annast um innri endurskoðun undir stjórn forstöðumanns, sbr. 2. tl. 1. mgr. 39. gr. Innri endurskoðun er hluti af skipulagi banka og sparisjóða og þáttur í eftirlitskerfi þeirra. Ráðherra getur veitt sparisjóði undanþágu frá stofnun sérstakrar deildar til að annast innri endurskoðun".

Jafnframt leggur félagið til að við greinina bætist ný 8. mgr. svohljóðandi: "Ráðherra getur sett almennt leiðbeinandi reglur um endurskoðun hjá viðskiptabönkum

og sparisjóðum. Ráðherra getur einnig sett sambærilegar reglur um könnun árshlutareikninga viðskiptabanka og sparisjóða, sbr. 2. mgr. 58. gr."

*Verzlunarráð Íslands:* Telur ráðuneytið réttan aðila til að setja reglur um framkvæmd endurskoðunar, þótt bankaeftirlitið geti haft frumkvæði að þeim.

*Ráðuneytið* telur eðlilegt að bankaeftirlitið setji reglur á þessu sviði með hliðsjón af því að bankaeftirlitinu er ætlað að setja reglur um gerð ársreiknings, 58. gr., árshlutareikninga o.fl. (66. gr.). Ráðuneytið telur eðlilegt að í þessum reglum verði m.a. kveðið á stofnun innri endurskoðunardeilda. Með hliðsjón af dönskum lögum og reglum um banka og sparisjóði má fastlega gera ráð fyrir því að einungis viðskiptabönkunum og allra stærstu sparisjóðunum verði gert að starfrækja slíkar deildir.

Ráðuneytið tekur undir tillögu Félags löggiltra endurskoðenda um ákvæði um könnun árshlutareikninga og leggur til að eftirfarandi másl. bætist við 7. mgr.:

"Bankaeftirlitið getur einnig sett sambærilegar reglur um könnun árshlutareikninga viðskiptabanka og sparisjóða."

#### 64. gr., 1. mgr.

*Félag löggiltra endurskoðenda* telur að í ákvæðinu felist m.a. skerðing á óhæði endurskoðenda. Félagið leggur þess vegna til að ákvæðið falli brott.

*Samband íslenskra viðskiptabanka* telur að lögum samkvæmt beri endurskoðendum að vera óháðir umbjóðendum og öðrum aðilum. Mælir með því að ákvæðið falli brott þar sem engin þörf sé á því.

*Ráðuneytið* tekur undir tillöguna.

#### 64. gr., 2. mgr.

*Félag löggiltra endurskoðenda* leggur bæði til breytingu á orðalagi ákvæðisins og að bankaeftirlitið samþykki ekki kostnað af endurskoðun sem það óskar eftir: "Bankaeftirlitið getur látið fara fram sérstaka endurskoðun hjá viðskiptabanka eða sparisjóði og ráðið til þess löggiltan endurskoðanda. Bankaeftirlitinu er heimilt að láta hlutaðeigandi stofnun bera kostnaðinn af slíkri endurskoðun."

*Ráðuneytið* tekur undir tillöguna.

#### 66. gr.

*Verzlunarráð Íslands* telur að ráðherra eigi að setja reglur skv. greininni.

*Ráðuneytið* telur að þau atriði sem talin eru upp í 1. mgr. séu þess eðlis að heppilegast sé að bankaeftirlitið setji reglur um þau en ekki ráðherra.

#### 66. gr., 2. mgr.

*Félag löggiltra endurskoðenda* leggur til að í ákvæðinu komi skýrt fram að um sé að ræða framsetningu á gögnum sem send séu bankaeftirlitinu: "Árshlutauppgjör, sem

viðskiptabankar og sparisjóðir senda bankaeftirlitinu, skulu vera á samræmdu formi sem það ákveður."

*Ráðuneytið* tekur ekki undir sjónarmið Félags löggiltra endurskoðenda. Mikilvægt er að árshlutauppgjör banka og sparisjóða, rétt eins og ársreikningurinn sjálfur, séu á samræmdu formi þannig að almenningur geti átt þess kost að bera þau saman milli stofnana.

**67. gr., 6. mgr.**

*Félag löggiltra endurskoðenda* leggur til að ákvæðið falli brott.

*Verslunarráð Íslands* telur að ráðherra en ekki bankaeftirlit eigi að setja reglur um gerð samstæðureikningsskila.

*Ráðuneytið* tekur ekki undir þessi sjónarmið og bendir á að í 58. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að bankaeftirlitið setji reglur um gerð ársreiknings.

**67. gr., 9., 10. og 11. mgr.**

*Félag löggiltra endurskoðenda* telur að tilvísanir í 9., 10. og 11. mgr. eigi að vera í 7., 8. og 9. mgr. en ekki 6., 7. og 8. mgr.

*Ráðuneytið* bendir á að tilvísanirnar eiga að vera í 7. og 8. mgr.

**68. gr., 1. mgr.**

*Félag löggiltra endurskoðenda* leggur til breytingu á orðalagi málgreinarinnar til samræmis við tillögu þess um breytingu á orðalagi 5. mgr. 63. gr.

*Verslunarráð Íslands* telur að nota beri hugtakið "eiginfjárhlutfall" í stað hugtaksins "eigið fé".

*Ráðuneytið* bendir á að í 55. gr. er kveðið á um að eigið fé skuli uppfylla tiltekið lágmark. Því er að mati ráðuneytisins eðlilegt að nota hugtakið "eigið fé" í 68. gr. en ekki hugtakið "eiginfjárhlutfall" eins og *Verslunarráð* leggur til. *Ráðuneytið* er meðmælt tillögu Félags löggiltra endurskoðenda með minni háttar orðalagsbreytingu:

"Hafi bankaráð eða sparisjóðsstjórn, bankastjórar eða sparisjóðsstjórar hlutaðeigandi stofnunar ástæðu til að ætla að eigið fé hennar sé undir því lágmarki sem kveðið er á um í 55. gr. ber þeim þegar í stað að tilkynna það bankaeftirlitinu. Sambærileg skylda hvílir á endurskoðanda hlutaðeigandi stofnunar hafi hann ástæðu til að ætla að stjórnendur hennar hafi ekki rækt skyldu sína skv. 1. másl. þessarar mgr."

**68. gr., 2. mgr.**

*Félag löggiltra endurskoðenda* leggst gegn því að bankaeftirlitið krefji endurskoðendur upplýsinga og í stað þess verði kveðið á um að stjórnir stofnana verði krafðar upplýsinga.

*Ráðuneytið* tekur undir þetta sjónarmið og mælir með orðalagi Félags löggiltra endurskoðenda:

"Er bankaeftirlitinu berst tilkynning að hætti 1. mgr. eða telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla að eigið fé viðskiptabanka eða sparisjóðs sé undir því lágmarki sem kveðið er á um í 55. gr. skal það krefja stjórn stofnunarinnar þegar í stað um reikningsuppgjör sem henni ber að afhenda innan hæfilegs frests.

**69. gr., 2. mgr.**

*Verzlunarráð Íslands* telur að nota beri hugtakið "eiginfjárlutfall" í stað hugtaksins "eigið fé".

*Ráðuneytið* bendir á að í 55. gr. er kveðið á um að eigið fé skuli uppfylla tiltekið lágmark. Því er að mati ráðuneytisins eðlilegt að nota hugtakið "eigið fé" í 2. mgr. 69. gr. en ekki hugtakið "eiginfjárlutfall" eins og *Verzlunarráð* leggur til.

**69. gr., 3. mgr.**

*Félag löggiltra endurskoðenda* mælir með breytingum á ákvæðinu í ljósi tillagna þess um breytingu á orðalagi 2. mgr. 68. gr.

*Ráðuneytið* tekur undir þessa tillögu og leggur til að í stað "skoðunarmanna" komi "stjórnar".

**76. gr.**

*Verzlunarráð Íslands* leggur til að Tryggingarsjóður viðskiptabanka verði gerður að sjálfseignarstofnun eins og Tryggingarsjóður sparisjóða. Jafnframt leggur ráðið til að fulltrúar viðskiptabanka stjórni sjóðnum og að fulltrúi bankaeftirlitsins hafi seturétt á stjórnarfundum.

*Ráðuneytið* bendir á að skipuð verður nefnd um heildarendurskoðun á starfsemi tryggingarsjóðanna. Að sinni mælir ráðuneytið með að ákvæði frumvarpsins verði endurskoðuð í ljósi nýsamþykktra laga um ráðstafanir til að efla eiginfjárstöðu innlánsstofnana.

**80. gr.**

*Verzlunarráð Íslands* telur óeðlilegt að fulltrúi bankaeftirlitsins sitji í stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða. Leggur til að hann hafi þess í stað seturétt á stjórnarfundum.

*Ráðuneytið* bendir á að skipuð verður nefnd um heildarendurskoðun á starfsemi tryggingarsjóðanna. Að sinni mælir ráðuneytið með að ákvæði frumvarpsins verði endurskoðuð í ljósi nýsamþykktra laga um ráðstafanir til að efla eiginfjárstöðu innlánsstofnana.

**84. gr., 2. mgr.**

*Verzlunarráð Íslands* leggur til breytingu á orðalagi þannig að íslenska bankaeftirlitið krefji ekki erlenda eftirlitsaðila um upplýsingar heldur afli þeirra frá þeim.

*Ráðuneytið* bendir á að í hliðstæðu ákvæði í dönsku lögnum um viðskiptabanka og sparisjóði er notað sagnorðið að krefja. *Ráðuneytið* tekur þó undir ábendingu *Verzlunarráðs* og leggur til að ákvæðið orðist svo:

"Bankaeftirlitið aflar eftirfarandi upplýsinga hjá eftirlitsaðila í heimaríki erlends viðskiptabanka eða sparisjóðs:"

### 93. gr., 1. mgr.

*Samband íslenskra viðskiptabanka* leggur til viðbót við 2. másl. 1. mgr.

*Verzlunarráð Íslands* leggur til að kveðið verði á um eftirlitshlutverk samkeppnisráðs vegna 53. gr.

*Ráðuneytið* bendir á að það leggur til að 53. gr. falli brott þannig að tillaga *Verzlunarráðs* verður óþörf. *Ráðuneytið* er meðmælt ábendingu *Sambands* íslenskra viðskiptabanka og leggur því til að 2. másl. 1. mgr. orðist svo:

"Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga þessara og laga um Seðlabanka Íslands."

### 97. gr.

*Samband íslenskra viðskiptabanka og Verzlunarráð Íslands* leggja bæði til að ný málsg. bætist við greinina: "Úrskurðum og ákvörðunum bankaeftirlitsins samkvæmt lögum þessum má áfrýja til ráðherra [VÍ: innan tveggja vikna]. Úrskurður ráðherra skal kveðinn upp í síðasta lagi fjórum vikum eftir að áfrýjun barst honum."

*Ráðuneytið* bendir á að almennt gildir í stjórnisýslurétti að áfrýja má úrskurðum til æðra stjórnvalds. Jafnframt bendir *Ráðuneytið* á að fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til stjórnisýslulaga þar sem lagt er til að settar verði fastmótaðar reglur á þessu sviði.

### 97. gr., ný mgr.

*Samband íslenskra viðskiptabanka* leggur til að ný málsg. bætist við greinina: "Hver starfsmaður bankaeftirlitsins má einungis taka lán og/eða stofna til ábyrgða í einum viðskiptabanka eða sparisjóði. Umfang slíkra viðskipta af hálfu forstöðumanns bankaeftirlitsins skal háð samþykki formanns bankaráðs Seðlabanka Íslands en viðskipti annarra starfsmanna skulu háð samþykki forstöðumanns bankaeftirlitsins."

*Ráðuneytið* lítur svo á að Seðlabankanum beri að setja starfsmönnum sínum reglur sem tryggja óháða stöðu þeirra í ljósi þeirra mikilvægu starfa sem þeir gegna. *Ráðuneytið* telur að lagaákvæði um starfsmenn bankaeftirlitsins eigi að vera í seðlabankalögum en ekki lögum um einstaka flokka fjármálastofnana.

### 98. gr.

*Lögmannafélag Íslands og Verzlunarráð Íslands* gera athugasemdir við heimild til valdaframsals ráðherra til bankaeftirlitsins.

*Ráðuneytið* leggur til með hliðsjón af þeim breytingum sem gerðar voru á frumvörpunum um verðbréfamarkaðinn sem nýlega urðu að lögum að greinin falli brott.

### 101. gr.

*Samband Íslenskra viðskiptabanka* telur óeðlilegt að hömlur verði lagðar á viðskipti með hlutabréf í banka sparisjóðanna.

*Ráðuneytið* mælist eindregið til þess að því gefist tækifæri til að ræða við nefndina og fulltrúa sparisjóðanna um tiltekin atriði frumvarpsins sem snerta starfsemi sparisjóða, þ. á m. þetta ákvæði.

### Ný gr.

*Samband Íslenskra sparisjóða* leggur til nýja grein um frest starfandi sparisjóða til að breyta samþykktum sínum til samræmis við ákvæði laganna.

*Ráðuneytið* tekur undir nauðsyn þess að hafa í lögnum ákvæði af þessu tagi en leggur til að það komi sem 2. mgr. 103. gr. en ekki sem sérstök grein.

### 103. gr.

*Samband Íslenskra viðskiptabanka* leggur til að gildistaka frumvarpsins verði gerð óháð EES-samningnum.

*Ráðuneytið* tekur undir þetta sjónarmið og leggur til að gildistaka frumvarpsins verði miðuð við 1. júlí 1993. Jafnframt leggur *ráðuneytið* til að ný mgr. bætist við í samræmi við tillögu Sambands Íslenskra sparisjóða:

"Viðskiptabankar og sparisjóðir sem starfandi eru við gildistöku laga þessara skulu samræma samþykktir sínar ákvæðum laganna á fyrsta aðalfundi eftir gildistöku þeirra."

*Ráðuneytið* vill nota þetta tækifæri og leggja til við háttvirta efnahags- og viðskiptanefnd breytingar á eftirtöldum ákvæðum frumvarpsins:

### 1. gr., 2. mgr.

2. mgr. 1. gr. er óþörf í ljósi 97. gr. og því er lagt til að hún falli brott.

### 44. gr., 1. mgr.

Til að taka af allan vafa og til að skapa ekki óeðlilega samkeppnisstöðu milli banka og sparisjóða annars vegar og verðbréfafyrirtækja hins vegar er lagt til að nýr málsl. bætist aftast í 1. mgr.:

"Um verðbréfaviðskipti viðskiptabanka og sparisjóða gilda eftir því sem við getur átt ákvæði laga um verðbréfaviðskipti."

**55. gr., 2. mgr.**

Fallið hefur niður lokamálsliður 2. mgr.:

"Eiginfjárfáttur A skal nema að lágmarki helmingi eigin fjár."

**68. gr., 3. mgr.**

Láðst hefur að fjalla um ríkisviðskiptabanka. Lagt er til að nýr másl. bætist aftast í 3. mgr.:

"Ákvæði þessarar mgr. tekur einnig til ríkisviðskiptabanka eftir því sem við átt. Í slíkum tilvikum skal ráðherra leggja fyrir Alþingi tillögu um ráðstafanir er grípa skuli til."

**85. gr.**

Í stað "viðauka" í lokamásl. komi "44. gr."

F.h.r.

